

Framsóknarflokkurinn

1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef þið komist til áhrifa?

Félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins hefur, á líðandi kjörtímabili, lagt höfuðáherslu á réttindi og velferð barna. Til stendur að gera það áfram undir þeim áherslum Framsóknarflokksins á komandi kjörtímabili að fjárfesta í fólki. Þar undir falla réttindi barna mjög skýrt.

Félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins hefur þegar hafið og komist vel á veg með verkefni sem nefnist „Barnvænt Ísland“ og innifelur að sveitarfélög landsins innleiði Barnasáttmála SP í sitt starf og skipulag auk þess sem að samþykkt var á Alþingi sl. vor þingsályktunartillaga félags- og barnamálaráðherra um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem farið er yfir aðgerðaáætlun um innleiðingu sáttmálans 2021-2024 hvort sem er innan ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga. Er m.a. fjallað um innleiðingu þriðju valkvæðu bókunar sáttmálans auk fjölda fleiri atriða.

Heimsmarkmið SP falla mjög vel að þessum áherslum, sem öðrum, en hvað varðar börn sérstaklega má nefna menntun fyrir alla, enga fátækt og heilsu og vellíðan. Heimsmarkmiðin eru einn af helstu vegvísunum Framsóknarflokksins í þeirri áherslu að fjárfesta í fólki.

2. Hvernig getur menntakerfið komið betur en nú, til móts við börn með mismunandi styrkleika og þarfir og stuðlað að fjölbreyttri menntun og kennsluaðferðum?

Menntakerfið þarf að taka mið af einstaklingnum og stöðu hans hverju sinni. Ekki bara námslegri stöðu heldur einnig andlegri, líkamlegri og félagslegri stöðu. Allir þessir þættir geta haft áhrif á námsframvindu og mikilvægt er að þeir sem sinna þjónustu við börn séu meðvitaðir um það og að allir þeir mismunandi aðilar sem veita börnum þjónustu séu í samskiptum og samvinnu.

Í þeim breytingum sem framkvæmdar hafa verið af félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins og felast í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor, felst m.a. skylda á alla þá sem veita börnum þjónustu að vera í samskiptum og samvinnu til að stuðla að farsæld barnanna. Ef barn á við erfiðleika að stríða, hvort sem þeir eru mjög alvarlegir eða minna alvarlegir, tímabundnir eða til langs tíma, er mikilvægt að allir þeir sem veita því einstaka barni þjónustu komi saman og vinni heildstætt að farsæld þess barns.

Innan skólanna, leik-, grunn- og framhaldsskóla (til 18 ára) skal starfa tengiliður sem hefur það hlutverk að sinna samskiptum milli barns og fjölskyldu þess, skóla og annarra þjónustuaðila eftir þörfum. Þessi tengiliður getur svo, ef barn þarfnast þess, fært mál upp á annað eða þriðja þjónustustig þar sem sérstakur málstjóri tekur við. Það er lykilatriði að skólinn sé þátttakandi í því starfi sem á sér stað kringum börn og að meðvitund sé um að börn eru alls konar og geta haft mismunandi þarfir á mismunandi tímum.^[1]

3. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

Það hefur verið forgangsatriði í faraldrinum hingað til að tryggja að þjónusta við alla viðkvæma hópa, m.a. börn, hafi haldist eins vel og nokkur möguleiki hefur verið. Það hefur tekist vel og félags- og barnamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra Framsóknarflokksins hafa unnið ötullega að því að tryggja að börn líði ekki meira fyrir faraldurinn en nauðsynlegt er. Samhliða markvissum aðgerðum til stuðnings og verndar börnum á tímum Covid-19 voru samþykkt á Alþingi vorið 2021 viðamikil frumvörp félags – og barnamálaráðherra sem tryggja betri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Breytingarnar sem felast í þessum nýjum lögum eru fullfjármagnaðar og tryggja m.a. aukið fjármagn á næstu árum inn í öll helstu kerfi sem þjónusta börn, þ. á m. félags, mennta – og heilbrigðiskerfið.

4. Hvaða leiðir ætlið þið að fara til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu t.d. fyrir fötluð börn og börn með geðrænan vanda?

Félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins lét gera greiningu á á biðlistum barna eftir þjónustu í kerfinu til þess að greina raunverulegan fjölda og helstu flöskuhálsa. Verkefnið var unnið frá desember 2020 til vors 2021. Meðal annars voru skoðaðir biðlistar hjá BUGL, ÞHS, Heilsugæslunni, hjá sálfræðingum og öðrum sérfræðingum, BUG, GRR, BVS og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð, o.fl. Þar kom m.a. í ljós að biðlistarnir líða fyrir samkeppni milli opinberra aðila og einkaaðila um hæft starfsfólk og misjafnt aðgengi er að þjónustu eftir staðsetningu á landinu. Við þessa skoðun var leitað liðsinnis frá fagfólki á þeim stöðum sem skoðaðir voru og rætt við það um hvernig væri hægt að leysa málin á sem farsælastan máta. Það er næsta mál á dagskrá félags- og barnamálaráðherra á komandi kjörtímabili. Að tryggja úrræði og að þjónusta verði veitt án þess að börn bíði eftir henni.

Það er ljóst að í ákveðnum málaflokkum vantar fagfólk til starfa. Það sást til dæmis þegar félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins varði fjármagni til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til þess að eyða biðlistum en ekki náðist að eyða fjármununum í þeim tilgangi. Félags- og barnamálaráðherra hefur verið í samtali við háskólasamfélagið um að styrkja stoðir undir nám fyrir sérfræðinga sem vantar til starfa til þess að biðlistar til framtíðar verði ekki líkt og þeir eru í dag.

Framsóknarflokkurinn hefur sett fram þá stefnu að börn eigi ekki að vera á biðlistum. Ef stjórnvöld geta ekki komið því þannig fyrir að börn fái þjónustu ríkisins í tíma þá eigi að taka við þjónustutrygging sem felur það í sér að greitt verði fyrir þjónustu sem veitt verði af hálfu einkaaðila. Með þessu móti yrðu börn ekki föst á biðlistum ríkisins séu aðrir möguleikar fyrir hendi. En til lengri tíma er ljóst að fjölga þarf fagfólki á ákveðnum sviðum til þess að veita þá þjónustu sem krafa er um og ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem taka gildi 1. janúar nk. munu skv. greiningum einnig hafa áhrif á biðlista til styttingar.

5. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

Barnamálaráðherra er ráðherra Framsóknarflokksins og hefur hann skýra sýn um hvernig eigi að framfylgja kerfisbreytingunum og nýta þær. Nýju lög in um samþættingu þjónustu í þágu farsældar

barna taka gildi 1. janúar nk. sem og tvær nýjar stofnanir á þeirra grunni. Þessar lagabreytingar fela í sér nýja hugsun og nýja nálgun í málefnum barna sem þarf að fylgja eftir á innleiðingartímabilinu með mjög skýrri sýn til þess að breytingarnar nái fram að ganga með réttum hætti. Bestur til þess fallinn er núverandi félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason.

Kerfisbreytingarnar eru undirstöðurnar í nýju kerfi en það má ekki gleyma því að ofan á undirstöðurnar þarf að byggja öll þau þjónustuúrræði sem þurfa að vera til staðar. Úrræðin sem ríkið býður upp á þurfa að vera gagnreynd og þau þurfa að skila árangri. Þau úrræði sem ekki gera það verða að víkja fyrir nýjum úrræðum sem skila árangri. Það að fara yfir og meta þau úrræði sem eru til staðar, finna hvaða úrræði vantar upp á og láta þau úrræði verða að veruleika er næsta verkefni í málefnum barna. Því verkefni er núverandi félags- og barnamálaráðherra bestur til þess fallinn að sinna.

6. Hvernig getur Ísland verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu?

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu var samþykkt af Alþingi árið 2019 og eru Heimsmarkmið SP leiðarljós þeirrar stefnu. Ísland er nú þegar í fremstu röð er kemur að jafnrétti kynjanna og hvað varðar málefni barna og getur látið gott af sér leiða í þeim málaflokkum sérstaklega. Auk þess sem þróunarsamvinna á vegum Íslands þarf auðvitað að beinast að grundvallaratriðum líkt og því að útrýma fátækt.

Framsóknarflokkurinn sér fyrir sér að í málefnum barna gæti Ísland flutt út þá hugmyndafræði sem félags- og barnamálaráðherra hefur komið á fót. En í þeirri hugmyndafræði felst ný nálgun og hugsun í málefnum barna og breytt ráðstöfun fjármagns auk þess sem samvinna mismunandi aðila er algjört lykilatriði. Sýnt hefur verið fram á það með hagfræðilegri úttekt að þessi nýja nálgun skilar gríðarlega miklum fjárhagslegum ávinningi sem vissulega gæti komið öllum ríkjum heims til góða. Þetta er langtímaverkefni sem hefur burði til þess að skila miklum ávinningi fyrir þróunarsamvinnuríki Íslands.

Auk ofangreinds er mikilvægt að halda áfram góðu starfi Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans, Landgræðsluskólans og Jafnréttisskólans til þess að dreifa þekkingu Íslands á þessum sviðum til þeirra ríkja sem gætu nýtt þekkinguna sér til framdráttar.

7. Hvaða leiðir teljið þið að þurfi að fara til að efla þátttöku barna í öllum ákvörðunum sem þau varða og til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað á grundvelli mismunandi menningarbakgrunns, fjárhagsstöðu foreldra og fleira?

Í þeim breytingum sem félags- og barnamálaráðherra Framsóknarflokksins hefur framkvæmt felst að réttindi og þátttaka barna í þeim ákvörðunum sem þau varða skuli virt. Í verkefninu „Barnvænt Ísland“ er sveitarfélögum gert að huga að þessu atriði í ferlinu sem þau eru í til að ná þeirri vottun að teljast „Barnvænt sveitarfélag“. Þetta er jafnframt lykilstef í þingsályktun félags- og barnamálaráðherra um Barnvænt Ísland og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á Alþingi sl. vor. Þar er kveðið á um að setja þurfi fram skýra og markvissa verkferla fyrir samráð stjórnvalda við börn sem tekur mið af eðli og efni ákvarðana sem leita þarf samráðs um og að mikilvægt sé að komið verði á þátttökuvettvangi þar sem öll börn geta tekið þátt í virku samráði við stjórnvöld, hvort sem er á einstaklingsbundnum forsendum eða í gegnum skipulagða hópa.

Framsókn hefur jafnrétti allra í grundvallarstefnuskrá sinni og leggur á það mikla áherslu og hefur unnið að því á líðandi kjörtímabili að öll börn búi við jafna stöðu, hafi m.a. jafnan aðgang að menntun og ekki síður að íþróttum og tómstundum. Félags- og barnamálaráðherra kom á fót styrk sem nýtist til þátttöku barna af tekjulægri heimilum í íþróttum og tómstundum og á stefnuskrá Framsóknarflokksins fyrir komandi kjörtímabil er að veita öllum börnum svokallaðan „vaxtarstyrk“, þ.e. styrk til þátttöku í íþróttum og tómstundum að fjárhæð 60.000 kr. á ári.

8. Hvernig á að/ætla flokkurinn að minnka áhrif loftslagsbreytinga og þannig tryggja velferð barna og framtíð þeirra?

Framsókn telur Ísland hafa gríðarleg tækifæri í loftslagsmálum og grænum fjárfestingum. Framsókn vill efla grænan iðnað og nýta tækifærin í landinu til nýsköpunar, þróunar og verðmætasköpunar í loftslagsmálum. Það hefur ekki verið nægilega skilvirkt hvernig Ísland tekst á við loftslagsvanda og telur Framsókn að sérstakt loftslagsráðuneyti geti verið lausnin við því að setja áherslu á þann málaflokk. Loftslagsráðuneyti hefði það verkefni að tryggja að loftslagsmálum sé sinnt á markvissan hátt alls staðar í stjórnkerfinu.

Framsókn hefur á stefnuskrá sinni að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040 og vill stuðla að enn frekari innleiðingu hringrásarhagkerfisins í íslenskt samfélag og atvinnulíf. Þá þarf að vinna að almennri vitundarvakningu í samstarfi við vísindasamfélagið, félagasamtök og sveitarfélög um það hvaða tækifæri almenningur hefur til þess að hafa áhrif. Heimsmarkmið SP eiga að vera þar leiðarstef.

Orkuskipti í samgöngum og flutningum á landi og á sjó eru lykilatriði til þess að Ísland geti verið í fremstu röð í aðgerðum í loftslagsmálum. En þegar landið verður óháð jarðefnaeldsneyti er mikið unnið, til þess þarf þó að byggja sterka innviði sem ráða við að raforka verði ráðandi hluti. Útflutningur á þekkingu og uppbygging þekkingar sem og nýsköpun á þessu sviði getur einnig gefið Íslandi tækifæri til að verða mikilvægt á sviði loftslagsmála á heimsvísu.

Sjá kynningu hér: <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Breytingar%20%C3%AD%20%C3%BE%C3%A1gu%20barna%20-%20sam%C3%BE%C3%A6tting%20%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>